

# Fundargerð 88. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

**Haldinn:** rafrænt á Teams

**Tími:** 10.3.2025 15:30

**Viðstaddir:** Hlökkver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

### Dagskrá:

#### 1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á

87. fundargerð samþykkt.

#### 2. Upprifjun á yfirstandandi starfsári

Rætt um að áhugavert væri að skrifa inn frétt um desember fræðslufundinn. HSP og HÓA taka þann bolta. Uppfæra þarf löginn á vefsíðunni í leiðinni.

Erum búin að halda 2 fræðslufundi, um mengun í jarðvegi og um ESB fráveitiregluverkið.

Myndum vilja hafa einn fræðslufund fyrir aðalfundinn. Vorum bæði búin að ræða áhrif eldgosa og vatnsvernd almennt.

Rætt um að kannski yrði of yfirgripsmikið að fjalla um hvoru tveggja í einu. Viðeigandi að taka náttúruvárumræðuna núna í ljósi yfirstandandi atburða.

ST tekur stöðuna á Veðurstofunni varðandi almenna umfjöllun og svo HS Orku varðandi þeirra reynslu undanfarin ár. BD heyrir í ÍSOR. Sjáum hvað þau segja og svo væri í kjölfarið hægt að heyra í HES uppá reynslu frá Eyjafjallajökli t.d. og svo HEF Veitum uppá undirbúning þeirra fyrir Öskjugos.

Hægt að prófa að miða við dag verkfræðinnar - 28.mars.

HSP stingur uppá því hvort ráð væri að hafa öryggismálavinkil á aðalfundinum.

Umræður um hreinsun og meðferð á sandi, fitu og olíu sem er safnað í mismunandi ferlum.

Skv. nýjum lögum félagsins ættum við að halda aðalfund fyrir lok maí. Mögulega miðvikudaginn 28.maí. Umræður um heimsókn til Hreinsitækni.

HSP segir frá því að vera að fara á ráðstefnuna source seperated sanitation summit í júní. Minnst á að hægt væri að skipuleggja heimsókn á Mývatn að ræða þetta í haust.

#### 3. Önnur mál

Fundi var slitið klukkan 16:40. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@orkuveitan.is